AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

I. Aðalbrautarrétt hafa
   a. Skíðabraut
   b. Hafnarbraut
   c. Gunnarsbraut
   d. Mímisvegur. Þó skal umferð á Mímisvegi víkja fyrir umferð um Skíðabraut.
   e. Goðabraut. Þó skal umferð um Goðabraut víkja fyrir umferð um Mímisveg.

II. Umferð af Smáravegi, Stórhólsvegi, Sunnutúni og Sognstúni víki fyrir umferð um Bjarkarbraut.

III. Bifreiðastöður eru bannaðar á vesturkanti Karlsbrautar.
Eldri auglýsingar um umferð á Dalvík eru fallnar úr gildi.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 25. janúar 1979.

Ófeigur Eiríksson.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 90—97. Útgáfudagur 19. febrúar 1979.